

Árskýrsla

Félags múslima á Íslandi

Fyrir árið 2003

Gerð af Salmann Tamimi,
formanni félags múslima á Íslandi

Frá stofnun félagsins hefur markmiðið verið að fræða Íslendinga um Íslam og Múslima. Þetta hefur gengið ágætlega og árið 2001 keypti félagið húsnæði á 3ju hæð við Ármúla 38 í Reykjavík. Fjármögnun þessara kaupa var með lántöku að hluta og með sóknargjöldum sem félagið fékk vegna félagsmanna sinna.

Húsnæðismál

Við það hefur aðstaða félagsins og félagsmanna til að iðka trú sína stórbatnað. Við höfum þar bænasal, auk þess að hafa sal fyrir fyrirlestra og móttökur. Áður en þetta húsnæði var keypt var félagið á hrakhólum og starfsemin ekki fyrirséð og samkomuhald og samverustundir félagsmanna víða um Reykjavík, s.s. í húsnæðismiðstöð nýbúa og heima hjá félagsmönnum.

Mjög mikilvægt er í Íslam að halda föstudagsbænir og var það nánast ómögulegt við þær aðstæður. En frá kaupunum seinnihluta ársins 2001 eru ávallt haldnar föstudagsbænir hvern föstudag kl. 13:30, sem er mikilvægt fyrir félagsmenn. Þá er húsið opið öll kvöld frá kl. 20:00 til iðkunar kvöld- og nætur bæna.

Fjöldi félaga

Þróun mannfjölda í Félagi Múslima á Íslandi á árunum 1998 – 2003, en félagið var stofnað í mars 1997.

Mannfjöldi eftir trúfélögum 1996-2003

	Alls
1998	
Félag Múslima á Íslandi	89
1999	
Félag Múslima á Íslandi	116
2000	
Félag Múslima á Íslandi	164
2001	
Félag Múslima á Íslandi	178
2002	
Félag Múslima á Íslandi	229
2003	
Félag Múslima á Íslandi	289

Heimild: af heimasíðu hagstofu Íslands

Eins og sést hér að framan þá hefur orðið gífurleg aukning félagsmanna frá stofnun félagsins. Stofnfélagar voru innan við 20 manns, nokkrar fjölskyldur, en nú eru fleiri en 300 manns í félaginu.

Það er mjög ásættanlegt miðað við að engin herferð hefur verið til að fjölga félagsmönnum eða kynning á félagi og Íslam, þar sem fjármagn hefur ekki verið fyrir hendi. Öll vinna fyrir hönd félagsins er unnin í sjálfböðavinnu félagsmanna og félagið hefur alla tíð verið rekið með halla, en skuldbindingar vegna húsnæðiskaupa hafa aldrei farið í vanskil.

Nokkuð jafn stígandi er á félagatali félagsins, eins og sést á töflu hér neðar, þar sem fram koma brottskráðir á tímabilinu 1998 - 2003.

Mannfjöldi eftir trúfélögum og skráningu 1998-2003

	2003	2002	2001	2000	1999	1998
	Brottskráðir alls	Brottskráðir alls	Brottskráðir alls	Brottskráðir alls	Brottskráðir alls	Brottskráðir alls
Félag Múslima á Íslandi	3	0	2	2	6	5

Heimild: af heimasíðu hagstofu Íslands

Markmið

Markmið félagsins er að kynna og viðhalda Íslam og breiða þessa trú út, en ekki að þröngva mönnum til fylgilags. Við kjósum að félagsmenn okkar trúi á íslenskt þjóðfélag án ofstækis og vinni að hagsæld allra þegna samfélagsins.

Árlega höfum við þurft að fást við einstaklinga sem telja sig hafa svör við öllu, en við komum í veg fyrir að ofstæki af hvaða hvötum sem er nái inn í okkar samfélag. Múslimir eiga að bera friðarfána um allan heim og eiga að gefa gott fordæmi um samstarf og samvinnu allra trúarbragða á þann hátt sem okkar spámaður, Múhamed, sagði fyrir um.

Fræðsla

Á fræðsluviðinu hefur formaður félagsins, Salmann Tamimi, verið ötull við að sinna því verkefni, bæði við fjölmiðla hvaða nafni sem þeir nefnast og við að halda erindi í skólum landsins og víðar. Þannig hefur hann heimsótt, ef eftir því hefur verið óskað, Háskóla Íslands, Kennaraháskóla Íslands og nokkra menntaskóla og grunnskóla landsins. Þá hefur hann að ósk félagsamtaka flutt fræðslu um Íslam víða.

Fræðsluefni

Skortur er á fræðsluefni á íslensku um Íslam og hefur félagið það á stefnuskrá sinni að auka þýðingar og standa fyrir slíku til þess að fræða Íslendinga. Mikið starf hefur þó verið unnið af félaginu, þrátt fyrir lítil efni. Félagið þakkar sérstaklega systur Sigrún og systur Halima fyrir þeirra störf að þýðingum.

Félagið þakkar einnig systur Sigrúnu fyrir að gera heimasíðu fyrir Íslam sem ber heitið islam.is.

Félagið hefur haldið hátíðirnar Eid al Adha og Eid al Fitr hátíðlega ár hvert þar sem mætir yfirleitt mikill fjöldi.

Heimsóknir til félagsins

Það hafði staðið til að fá Sheik til okkar á RAMADAN í fyrra , en vegna óviðráðanlegra ástæðna tókst það ekki. En stefnt er að því að fá heimsókn nú í ár.

Það kom til okkar Sheik Salah Taifoor frá Al-Muntada Al Islami í Bretlandi í heimsókn, í febrúar og í júní. Hann hélt nokkra mjög góða fyrirlestra og í seinni skiptið þá heimsótti hann Sláturfélag Skagfirðing með það markmið að gefa Sláturfélagi Skagfirðinga vottun um slátrun á sauðfé með það að markmiði að flytja kjöt til Íslamskra og evrópska landa að sið Íslam.

Við tókum á móti Al-shura nefnd sem kom frá Sádi Arabíu í heimsókn til Alþingis og þeir voru mjög ánægðir með okkar starf og lofuðu stuðningi við það. Sömuleiðis fengum við í júlí 2004 heimsókn frá Al-Risala Stifelse frá Svíþjóð.

Við fengum frá Al-Risala Stifelse og frá sendiráði Sádi Arabíu í Stokkhólmi u.þ.b. 400 kg af bókum og fræðiritum um Íslam sem mynda stofnun bókasafns félagsins, sem við bindum miklar vonir við að vaxi og dafni í framtíðinni.

Samstarf

Félag Múslima á Íslandi tók þátt í fjöltrúarlegri samkomu í Háteigskirkja í Reykjavík, sem var mjög árangursrík og fræðandi, en samkoma þessi var mjög fjölsótt.

Útgáfur um Íslam

Landlæknisembættið gaf á s.l. ári út rit um trúarbrögð í heilbrigðiskerfum og var haldin ráðstefna í framhaldi af því í Háteigskirkju, mjög þarft rit.

Námshagnastofnun gaf út bók og myndband fyrir grunnskólana um Íslam og Múslima á Íslandi og félagsmenn tóku þátt í að gera myndbandið. Þar var skýrður tilgangur Ramadan og kynning á Íslam.

Styrkur í boði

Félagið fékk loforð um styrk til handa börnum sem eru Múslimar frá *AFS á Íslandi – Alþjóðleg fræðsla og samskipti* (www.afs.is) til að senda erlendis skiptinema og hvetur félagið fólk til að kanna þann möguleika.

Í Öldungaráði eru :

Salmann Tamimi	kt. 010355-7889
Hósní Ómar Hassan	kt. 251052-7869
Haraldur El lahham	kt. 090454-8039
Ingibjörg T Sigurjónsdóttir	kt. 080661-3209
Jón Jamal Laham kt.	kt.030358-2289
Diana Allansdóttir	kt. 210871-4629
Faraj Shweiki	kt. 200567-2269
Arnar Moubarak	kt 151133-6819
Amani Mukhalalati	kt. 030358-2289

Í stjórn félagsins sitja.

Arnar Moubarak	Gjaldkeri
Salmann Tamimi	Formaður
Aziz Naili	Meðstjórnandi
Adam Hani	Endurskoðandi
Faraj Shwaiki	Ritari
Rakel Dögg Þorvarðadóttir	Endurskoðandi
Ahmed Assabiani	Meðstjórnandi

Lokaorð

Að lokum vil ég vekja athygli á því formaður félagsins þiggur ekki laun fyrir störf sín á vegum þess og hefur kostað úr eigin vasa móttökur erlendra gesta, síma og fax og fleiri hluti sem nauðsynlegt hefur þótt að gera. Sá halli sem komið hefur upp vegna húsnæðiskaupa hefur verið greiddur af honum.

Ekki hefur verið tekinn upp sá siður að innheima félagsgjöld af meðlimum félagsins og ekki hafa farið fram safnanir eins og tíðkast víða í sambærilegum félögum.

Aðalfundur félagsins skal vera haldin samkvæmt lögum í Maí 2005.

Gert í Reykjavík í september 2004

Salmann Tamimi